

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag frístundabyggðar við Engjateig í landi Álfsstaða.*

Í deiliskipulaginu felst að á 20 ha spildu er gert ráð fyrir fimm 0,9 ha frístundalóðum auk einnar 2,3 ha lóðar. Heimilt verður að reisa allt að 200 m<sup>2</sup> frístundahús á hverri lóð ásamt 40 m<sup>2</sup> aukahúsi. Jafnframt er gert ráð fyrir þremur litlum lóðum fyrir allt að 80 m<sup>2</sup> hesthús.

Samþykkt í sveitarstjórn 30. september 2009.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. mars 2010.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2010